

## **Verkefnaráð**

### **Fundargerðir: Verkefnaráð 16.03.2023**

Dýrþjónusta RVK – ákvörðun: Verkefnastýring/umbreyting eða leita út á markað .....	2
Eignaumsjónarkerfi fyrir stofnanir menningar og íþróttasvið .....	4
Stafrænar byggingarleyfisumsóknir – Bygg fjör: Skil og tillaga.....	5

# Verkefnaráðsfundur 16.03.2023

<b>Verkefni</b> Verkefnaráð	<b>Yfirskrift fundar</b> Verkefnaráðsfundur 16.03.2023
<b>Dagsetning</b> 16.03.2023	<b>Staðsetning</b> Borgartún 12-14.
<b>Mættir:</b> Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Lára Aðalsteinsdóttir, Óskar Þór Þráinsson	
<b>Fjarverandi:</b> Óskar Sandholt	
<b>Fundarritari:</b> Eva Björk Björnsdóttir	

## Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 16.mars 2023, kl. 10:00-11:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

- 10:00 - 10:05 Uppstilling
- 10:05 – 10:20 Dýraþjónusta RVK – ákvörðun: Verkefnastýring/umbreyting eða leita út á markað – Eva og Lára
- 10:20 – 10:25 Umræður
- 10:25 – 10:40 Eignaumsjónarkerfi fyrir stofnanir menningar og íþróttasvið – Lára
- 10:40 – 10:45 Umræður
- 10:45 – 10:55 Stafrænar byggingarleyfisumsóknir - Byggfjör Skil og tillaga – Óskar Þór
- 10:55 – 11:00 Umræður
- 11:00 Fundi slitið

## Dýraþjónusta RVK – ákvörðun: Verkefnastýring/umbreyting eða leita út á markað

Fjölskyldugarðurinn tók yfir Dýraþjónustu Reykjavíkur frá heilbrigðisteftirlitinu, sem var hjá USK. Með því færast skyldur samkvæmt reglugerð yfir á einn aðila og metnaður hefur verið lagður í að einfalda skráningarferla ss um hundahald á rafrænt form og endurbæta þjónustuna á margvíslegan hátt.

Uppfylla þarf þá reglugerð sem starfað er eftir og bæta þarf bakvinnslu og gagnagrunna til að hægt sé að sjálfvirknivæða umsóknir, greiðslur hundagjalda og bjóða uppfléttingar á vef og fleira. Nauðsynlegt er að bæta grunninn og lagfæra tengingar við island.is.

Unnið hefur verið að greiningu þar sem nú liggur fyrir að velja þurfi á milli þess að fara í verkefnastýringu/umbreytingu innanhúss eða leita út á markað.

Verkefnastjóri fer yfir kynningu á stöðunni og hvað á eftir að gera, sjá fylgiskjöl með fundargerð.

### Tillögur:

- A. Umbreyting innanhúss
- B. Utanaðkomandi – leita út á markað

Ef ákveðið að fara í umbreytingu innanhúss, hvaða kerfi:

- Veita
- Sharepoint
- Jira

Sjá nánari upplýsingar í fylgiskjöllum.

Athugasemdir – hefur verið samráð við hin sveitarfélög um að sameina grunnana?

- Væri hægt að skoða að nýta upplýsingar úr dýralæknagrunni, þess vegna kaupa aðgang og sækja upplýsingar beint.
- Leið B: ef við tengjum það ekki við kerfi, ss. Tökum á móti handvirkt og setjum það handvirkt í hlöðu og rukkanir.

**Áætlaður verktími:** Ef unnið innanhúss: 8 vikur (í heild 30-40 vikur með greiningu og verkefnastýringu, nú þegar um 8 vikur í greiningu).

#### Skor verkefnisins í Fylkinu:

Dýraþjónustan: 2 3 4 3 3 2      3,07

#### Niðurstaða verkefnaráðs:

Á verkefni að fara í verkefnastýringu / umbreytingu innanhúss vs. innkaup á tilbúinni lausn + samþættingar.

Lagt er til að bæta við leið C, þ.e taka samtal við umsjónarmenn dýralæknagrunnsins og sækja gögn sjálfkrafa úr honum og birta hjá okkur.

Ef það gengur yrði niðurstaðan blanda af A + C – Innri þróun og sjálfvirk birting.

#### Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð leggur til að taka samtal við umsjónarmenn dýralæknagrunnsins – Leið C
2	Ef ákvörðun 1 gengur upp þá er niðurstaðan blanda af A+C

#### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Hafa samband við umsjónarmenn dýralæknagrunns	EBB/LA	
2			

Aftur í efnisyfirlit

## Eignaumsjónarkerfi fyrir stofnanir menningar og íþróttasviðs

Núverandi staða hjá sundlaugum Reykjavíkur, Borgarsögusafni og Listasafni Reykjavíkur þegar kemur að skipulegri skráningu tækja eða mannvirkja til að halda utan um eignasögu og viðhald er órekanleg, ógagnsæ og villuhætta er mikil.

Verið að óska eftir að fá aðgang að eignaumsjónarkerfinu MainManager svo hægt sé að halda utanum sögu á einum stað.

Ósk menningar og íþróttasviðs er að tengjast kerfinu og setja inn:

- Hússafn Borgarsögusafns
- Tækjaskrá sundlauga Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur
- Skrá staðsetningar listaverka borgarinnar
- Komast inn í beiðnakerfi fasteignastjóra til að geta fengið yfirsýn yfir viðhald sinna fasteigna, rekja beiðnir og samskipti

Óskað er eftir fjármagni við kaup á leyfum fyrir árið 2023 og kostnað við aðlögun og innleiðingu kerfisins til menningar og íþróttasviðs.

Markmið með verkefninu er að til staðar verði öruggari skráning gagna og nýtilegri gögn við gerð áætlana og spálíkana. Markvissara viðhald í stað þess að vera sífellt að bregðast við bilunum. Betri nýting á tækjum með tilheyrandi lækkun á rekstarkostnaði. Minni bilana hætta og rask vegna bilana og viðhalds.

Öllum er ljóst að tæknin leysir ekki allan vanda, samhliða upptöku nýrra kerfa þarf að mennta starfsfólk í kerfinu, fara yfir ferla og fá fólk til að skrá inn í kerfin og hefur þetta allt verið rætt á vinnustofum með starfsfólki og allir undirbúnir undir skráningarvinnu og að innleiðing tekur tíma.

### Skor verkefnisins í Fylkinu:

Eignaumsjónarkerfi fyrir stofnanir menningar og íþróttasvið 4 4 2 4 3 2 3,13

Staðfest af verkefnaráði 16.3.2023

Skor frá stafrænum leiðtoga 3,6 (mat herra lagalega séð og áhrif á þjónustu og fjölda notenda)

### Niðurstaða verkefnaráðs:

Stafrænn leiðtogi fer yfir verkefni um að nýta eignaumsjónarkerfi fyrir listasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn og sundlaugar Reykjavíkur. Nánar um forgreiningu, stöðu og ávinning - sjá fylgigögn með fundargerð.

Óskað er eftir verkefnastjóra til að leiða þessa vinnu og stýri samræmingu og viðbót í kerfið.

Stafrænn leiðtogi leiðir áfram undirbúningsvinnu á sviðinu og tengir við aðila á USK sem sjá um Main manager þar.

Verkefnaráð fagnar góðri forvinnu fyrir sameinað svið og mjög jákvætt að nýta kerfin sem til eru.

Verkefnið er samþykkt og fer í röð eftir verkefnastjóra til að halda utan um verkefnið - þar sem ekki er vörustjóri á kerfinu sem stendur.

**Ákvarðanir**

Nr.	
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið og að úthluta verkefnastjóra í það.

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefni fer á bið hjá verkefnastofu	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

## Stafrænar byggingarleyfisumsóknir – Bygg fjör: Skil og tillaga

Bygg-fjör var að skila lokaskýrslu, kynna samantekt og tillögu varðandi áframhald.

### Tæknileg vörustýring

**Tillaga:** Áframhaldandi þróun byggingargáttar HMS og samþætting við Hlöðu á hendi vörustjóra Hlöðunnar.

### Forsaga

Þann 12. desember 2022 hófst innleiðing rafrænna byggingarleyfisumsókna og var stórt skref á rafrænni vegferð borgarinnar. Síðan þá hafa komið inn í gegnum byggingargátt HMS 165 rafrænar umsóknir sem skilað hafa sér í Smiðjuna til BYGG. Niðurstöður ánægjukönnunar sem send var út nýverið af teymi BYGGfjors benda til yfirgnæfandi ánægju umsækjenda með rafræna þróun byggingarleyfa hjá Reykjavíkurborg. Álag á afgreiðslu í þjónustuverinu hefur minnkað verulega á þessum tíma þar sem langar afgreiðslur með pappírsgögn heyra nánast sögunni til. Enn er álag á starfsfólk BYGG til staðar og afköst starfsfólks að meðaltali um 50% miðað við stöðuna fyrir umbreytingu. Það sést á fjölda mála sem yfirfarin hafa verið af arkitektum BYGG, tekin eru fyrir á afgreiðslufundum og svarbréfum sem send hafa verið út. Innleiðingarteymi Hlöðunnar studdi BYGG fram í miðjan janúar og var sá stuðningur settur upp í samræmi við innleiðingu á öðrum sviðum Reykjavíkurborgar. Heildarstuðningur var þó talsvert umfangsmeiri vegna flókinna þarfa starfsfólks. Ljóst er að þær þarfir lúta ekki aðeins að kennslu og innleiðingu á rafrænu mála- og fundarumsjónarkerfi.

Hlöðusérfræðingar hafa viðamikla yfirsýn yfir breytingar og aðlögun eiginda sem koma úr byggingargátt HMS yfir í Smiðjuna til BYGG. Leitað hefur verið ýmissa leiða til að leysa úr villum og breyta framsetningu gagna á þann hátt að það auðveldi vinnu starfsfólks BYGG.

Samstarf við HMS um innleiðingu byggingargáttarinnar gekk vel þrátt fyrir að formleg staða gáttarinnar væri „frestun á lokun“ og ljóst að ekki yrði farið í mikla þróunarvinnu við að viðhalda gáttinni. Til stendur að byggja á gagnatengingum gáttarinnar í áframhaldandi þróun HMS við tæknilega högun umsóknargáttar sem sveitarfélög tengjast með vefþjónustum í framtíðinni. Nákvæm tímalína fyrir útgáfa slíkrar lausnar liggur þó ekki fyrir en samkvæmt samtölum við fulltrúa HMS er viðmið um verklok árið 2025. Reykjavíkurborg getur vel nýtt byggingargátt HMS þangað til, líkt og önnur sveitarfélög sem það gera.

**Tillaga:**

Lagt er til að tæknileg vörustýring á þróun byggingargáttar HMS á móti Hlöðunni sé á hendi vörustjóra Hlöðunnar. Breytingatillögur og aðlögun koma nú þegar helst í gegnum netfang Hlöðunnar og því liggur beinast við að stýra vöruþróun af þeirri hendi og halda utan um forgangsraðaðan verkefnalista tækniþróunar (backlog).

Mótspilari tæknilegs vörustjóra er vörueigandi á USK sem tryggir að fagleg yfirsýn og þróun þjónustunnar endurspeglir verkefnalista. Unnið verði í nánú samstarfi með tæknilegum vörustjóra en ábyrgðin er á USK varðandi mótun stafrænnar vegferðar og framtíðar í þróun og umbreytingu lausna og ferla.

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Stafrænar byggingaleyfisumsóknir, BYGG fjör 5 5 5 5 2 4,80  
Skor frá 28.09.2022

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Skrifstofustjóri skjalastýringar og hlöðunnar kynnir tillögu um áframhald.

Fagleg vörustýring verði á USK. Áhætta að ekki er þekking á stafrænni vörustýringu á sviðinu en sýn og áframþróun verður að vera á hendi þjónustueiganda.

Að haldið verði utan um þetta verkefni hjá hlöðuteymi og vörustjóri hlöðunnar haldi utan um HMS gáttina og tæknilega vörustýringu og samskipti við birgja og aðra aðila.

Þetta fyrirkomulag yrði tímabundið á meðan mikil hreyfing og breytingar eru í gangi inni á USK og á vettvangi sveitarfélaga.

Losum núverandi verkefnahóp undan þessari vinnu og skiptum út fyrir vörustýringu. Vörustjóri hlöðunnar mun halda þessu í viðhaldsfasa, ekki umfangsmikla framþróun. Ef nánari framþróun eða viðbætur þarf, verður það sér verkefni sem tekið yrði sérstaklega fyrir verkefnaráð. Til lengri tíma myndi fagleg vörustýring, framtíðarsýn og undirbúningur fyrir áframþróun verði á hendi USK.

Skoða þarf fjármögnun varðandi skiptingu.

**Ákvarðanir**

Nr.	
1	Tillagan samþykkt
2	

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Skrifstofustjóri skjalastýringar taki samtalið við fjármálastjóra ÞON um heildarsýn fjármála.	EBB	
2	Skrifstofustjóri skjalastýringar og hlöðunnar kynnir tillögu um áframhald	EBB	

Aftur í efnisyfirlit

**Næsti fundur**

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn þann 30.03.2023